

Sp.

495. Tillaga til þingsályktunar

[245. mál]

um greiðslu orlofsfjár sveitafólks.

Flm.: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hvort ekki væri heppilegast að greiða orlofsfé beint til bænda.

Greinargerð.

Íslensk bændastétt á við mikinn vanda að etja í framleiðslumálum. Ríkisstjórnin, Alþingi og samtök bænda eru að leita leiða til þess að bægja þessum vandræðum frá. Einn alvarlegasti hluti vandans er sá, hve kjör bænda eru misjöfn, þannig að þeir, sem verst eru settir og minnsta hafa framleiðsluna, eiga við mjög alvarlega erfiðleika að etja. Verðlagskerfi landbúnaðarins er þannig uppbyggt að laun bænda eru reiknuð út frá áætluðu vísitölubúi og við það er verð búvara miðað. Orlofsfé bænda, 8.3%, er nú hluti af afurðaverðinu. Flm. vilja láta kanna hvort ekki væri heppilegra að ríkið greiddi hverjum bónda um sig ákveðna upphæð sem meðal-orlof, samkvæmt verðlagsgrundvelli 1/3 1979 kr. 483 000. Með því yrði stuðlað að jöfnuði meðal bænda innbyrðis, jafnframt því sem stuðlað væri að lækkun afurðaverðs og þar með lækkun framfærslukostnaðar. Þannig mundi hluti þess fjár, sem nú er varið til niðurgreiðslna, e. t. v. nýtast betur.

Vegna eðlis búskapar á Íslandi er að sjálfsögðu ekki hægt að binda greiðslur orlofsfjár við það að bændafólk hafi tekið sér fri svo sem gert er í Noregi. Aðstæður einstakra bænda geta verið slíkar að þeim sé ekki unnt að yfirgefa bú sín árlega, og er þá óeðlilegt að svipta þá orlofsfé, sem þeir eiga rétt á, vegna örðugra aðstæðna. Þá verður að gera ráð fyrir að þær bændafjölskyldur, sem hafa verulegan hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, fái einungis hluta orlofsgreiðslunnar.